

Skólaráðsfundur í Brúarásskóla fimmtudaginn 5. nóv. 2015

Mættir: Stefanía Malen, Krístin, Pórey, Halldóra Hildur, Steinunn, Erna og Jón Steinar.

Próunarverkefnið Brúin – heilt yfir ánægja með fyrstu spönnina. Gaman að sjá hvaða upplifun nemendur hafa af þessari nýju aðferð. Menn njóta sín misvel eins og gengur en allir að átta sig á hvernig þetta virkar. Aðeins minnst á nýja mentorinn út af nýju viðmóti. Erum byrjuð að nota þetta viðmót og tekur auðvitað smá stund að átta okkur á því – en virðist vera nokkuð spennandi vinnutæki. Inn á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um spannar, lotur og verkefni. Spurning um að gera plan fyrir tölvustofuna, mikið álag þar – þarf að skoða það betur.

Nemendafjöldi – nú eru 44 nemendur í Brúarásskóla. Ekki hafa verið eins margir nemendur í áráraðir. 7 börn á leikskólanum, allir árgangar og mæta þessi börn misoft. Stöðugildi kennara 6 og annarra starfsmanna 4,5.

Viðhald – viðhald við skólann hefur verið ágætt, búið að skipta um gluggaröðin í tölvustofa og matsalnum. Næsta törn verður líklega eldhúsið. Það munar miklu um nýju gluggana, finnum fyrir t.d. hitastigi innan dyra. Fer að koma að viðhaldi utan dyra. Rætt um innri leigu og rekstur hússins.

Fjármál – ekki alveg réttu megin við núllið í fyrra – en lítur betur út núna! Fjárhagsáætlun sett inn í haust fyrir 2016 – sem ekki hefur verið samþykkt.

Matsskýrsla 14-15 – skólanefnd er líka matsnefnd Brúarásskóla. Búið að leggja matsskýrsluna fyrir fræðslunefnd og hún var samþykkt. Í ár verða starfsmannakannanir, foreldrakannanir og 2x nemendakannanir. Fáum mynd af því hvernig fólki líkar við nýtt fyrirkomulag í kennslu í könnunum vetrarins.

Grænfána úttekt – hún fór fram í október. Höfum ekki fengið niðurstöður en úttektaraðilar voru mjög hrifnar af öllu hér. Hægt verður að fá grænfánaskilti – sem verður á skrúfað á skólann, fánarnir skemmast á skömmum tíma.

Færeyjarferð – fengum styrkinn í gegnum nordplus junior. Ákveðið að fara strax í haust þar sem þau fara í útskriftarferð í vor og eins var stutt síðan þau hittum þau. Frábær ferð í alla staði. Allir sælir og glaðir með ferðina. Skólastjórinn úti í Færeyjum vill endilega halda samstarfinu áfram.

Önnur mál:

Legó – rætt um keppnina í víðu samhengi. Hugmynd um að sækja um styrk til Alcoa. Athuga þetta fyrir 1.mars 2016.

Hallormsstaðaskóli – verið að tæma hann þessa dagana. Búið að dreifa gögnum gróft um allt. Við höfum fengið margt af því sem við höfum beðið um, t.d. húsgögn og smádót. Hugsunin að þetta dót nýtist börnum á öllu Fljótsdalshéraði. Einnig hafa starfmenn mötuneytisins farið og valið sér úr eldhúsinu.

Jón Steinar ræði mikilvægi þess að við erum með þjónustu í sveigjanlegu skólavali fyrir íbúa Fljótshéraðs, skóli með annars konar kennsluhætti. Þannig að fólk horfi á skólann sem jákvæðan kost.